

Félag eldri borgara Garðabæ

Garðabær, 11. janúar 2019

Bæjarstjórn Garðabæjar
b.t. Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra
Ráðhúsi Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mútt. dags.	11.01.2019
Málalýkill	2.54
Mál nr.	190/193


Ágæta bæjarstjórn,

Eins og allir vita er fjölgun eldri íbúa landsins hraðari en nokkru sinni fyrr og er Garðabær heldur í fararbroddi á landsvísu. Íbúðir fyrir eldri borgara eru komnar í sölu við Strikið 1 þannig að enn má búast við fjölgun. Það er því orðið nauðsynlegt að endurskoða aðstöðu þá sem eldri borgarar í Garðabæ hafa til umráða. Félagsmiðstöðin í Jónshúsi er orðin of lítil og brýn þörf á að athuga hvort stækkun sé möguleg.

Jafnframt skal enn ítrekað að húsgögnin í salnum eru úr sér gengin, þung og óhentug í sal sem svo sannarlega er fjölnota. Það er nauðsynlegt að fá húsgögn eins og eru t.d. á Ísafold sem ætluð eru til nota fyrir eldra fólk en ýmsir kvillar geta orðið til þess að venjuleg húsgögn með tauáklæði henta alls ekki.

Með von um skjót og góð viðbrögð

F.h. stjórnar Félags eldri borgara í Garðabæ



Stefanía Magnúsdóttir formaður